



Reykjavík, 9. október  
PON25090058

Borgarráð

**Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja verkefnið „Viðverukerfi - útboð“**

Á fundi stafræns ráðs þann 8. október var lögð fram heimildarbeiðni dags. 24. september um að hefja verkefnið „viðverukerfi – útboð“, ásamt fylgigögnum sbr. 7. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi og vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

---

Sólveig Skaftadóttir,  
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



Reykjavík, 24. september 2025  
PON25090058

**Efni: Heimild til að hefja verkefnið „Viðverukerfi - útboð“**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd mannauðs- og starfsumhverfissviðs, að hefja verkefnið „Viðverukerfi - útboð“. Verkefnið felst í að ramma inn niðurstöður forgreiningar, setja upp kröfulýsingu og leiða útboðsferli.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími er frá nóvember 2025 til júní 2026 og heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 12 m.kr., sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdartímanum. Umræddur kostnaður er innri kostnaður vegna verkefnastjóra.

Ekki er talið að afurð verkefnisins muni auka rekstrarkostnað Reykjavíkurborgar heldur falla inn í fyrirliggjandi rekstrarfyrirkomulag þjónustunnar.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



**Reykjavík**



Reykjavík, 24. september 2025  
PON25090058

### **Greinargerð:**

Viðverkerfi Reykjavíkurborgar er í dag byggt á Vinnustund, en gildandi samningur rann út í desember 2021. Nauðsynlegt er að ráðast í útboðsferli í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar og tryggja lagalegar kröfur.

Búið er að vinna forgreiningu í samstarfi við helstu hagaðila innan Reykjavíkurborgar. Lögð var áhersla á að kortleggja raunverulegar þarfir notenda og tryggja að sjónarmið lykilstarfsfólks og stjórnenda komi skýrt fram í kröfulýsingu útboðs. Þá hefur verið haldið reglulegt samráð við fulltrúa ríkisins og hefur verkefnið fengið aðgang að veigamikilli þarfagreiningu frá ríkinu sem nýtist Reykjavíkurborg sérstaklega vel við mótun útboðsgagna og kröfulýsingar. Þessi samlegð styrkir faglegt undirlag verkefnisins og stuðlar að því að lausnin verði í samræmi við bestu starfsvenjur.

Helsti ávinningur verkefnisins er að tryggja að Reykjavíkurborg starfi í samræmi við lög um opinber innkaup með útboði og nýjum samningi, en ekki síður að styrkja rekstraröryggi með traustri samþættingu við mannauðs- og launakerfi. Framkvæmd verkefnisins verður stýrt í áföngum. Fyrsti fasi felur í sér úrvinnslu á þarfagreiningu, kröfulýsingu, útboð og samningsgerð.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 12 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Umræddur kostnaður er innri kostnaður vegna verkefnastjóra.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður. Verkefnaklassi 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi.

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þröstur Sigurðsson,  
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur



**Reykjavík**



**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

**Fylgiskjöl:**

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (8.10.2025)

Verkefnaráðsfundur: 11.09.2025

### Viðverukerfi - útboð

---

**Samantekt:**

Vinnustund, núverandi viðverukerfi Reykjavíkurborgar, er án gildandi samnings. Fara þarf í útboð til að tryggja lög um opinber innkaup. Fyrir liggur óundirritaður skammtímasamningur að hámarki 9 mánuðir sem hægt er að virkja á verkefnatímanum. Verkefnið felst í að ramma inn niðurstöður forgreiningar, setja upp kröfulýsingu og leiða útboðsferli.

**Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun:** 12 m.kr.

**Áætluð tímalengd verkefnis:** 8 mán

**Skor í Fylki frá verkefnaráði ÞON:** 3,33

Ábati 33%: 2

Helsti ábati verkefnisins felst í því að við þurfum að uppfylla lög um opinber innkaup. Það að vera með gott viðverukerfi hefur mikinn ábata fyrir starfsfólk og starfsemi Reykjavíkurborgar.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 4  
Verkefnið styður við grunnrekstur og upplýsingatækniinnviði og hefur áhrif á fjölda starfsmanna Reykjavíkurborgar

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 4

Hefur mjög jákvæð áhrif á starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Lagalegar kröfur – Já

Dæmi: Lagaleg krafa er til staðar. Reykjavíkurborg þarf að uppfylla lög um opinber innkaup.

Virðingarfyllst,  
Verkefnaráð  
*Þjónustu og nýsköpunarsvið*



**Reykjavík**



# Viðverukerfi útboð

**Eigandi:** Rakel Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri

## Þarfagreining

- Raunverulegar þarfir notenda, sjónarmið lykilstarfsfólks og stjórnenda kortlagt fyrir kröfulýsingu útboðs
- Reglulegt samráð við fulltrúa ríkisins og aðgangur að veigamikilli þarfagreiningu frá ríkinu liggur fyrir

## Áskorun

- Viðverukerfi Reykjavíkurborgar, Vinnustund, er án gildandi samnings

## Markmið

- Binda þjónustu og viðhald með nýjum samningi
- Fara í útboðsferli í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar

## Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Tryggja samræmi við lög um opinber innkaup með útboði og nýjum samningi
- Tryggja rekstraröryggi með traustri samþættingu við mannauðs- og launakerfi

## Tímalína

Nóvember 2025 – júní 2026

## Kostnaður

Heildarkostnaður 12 m. kr.  
Eignasjóður 12 m. kr.

## Innkaup

- Á ekki við

**Vörustjóri:** Hallgrímur Andri Jóhannson  
**Stafrænn leiðtogi:** Birgir Lúðvíksson




# Viðverukerfi

Birgir Lúðvíksson stafrænn leiðtogi

Hallgrímur Andri Jóhannsson vörustjóri

Rakel Guðmundsdóttir eigandi verkefnis






# Í hnotskurn

Viðverukerfi borgarinnar Vinnustund er án gildandi samnings. Fara þarf í útboð til að tryggja lög um opinber innkaup.


Fyrir liggur óundirritaður skammtímasamningur að hámarki 9 mánuðir sem hægt er að virkja á verkefnatímanum





# Ákvörðun verkefnaráðs

- Óskað er eftir verkefnastjóra til að ramma inn niðurstöður forgreiningar, setja upp kröfulýsingu og leiða útboðsferli
- Óskað er eftir fjármögnun að upphæð 12 mkr.
  - Verkefnastýring í 8 mánuði.







# Áskorun

Setja hér inn stutta lýsingu á þeirri áskorun sem verkefninu er ætlað að leysa

## Núverandi staða

- Viðverukerfi borgarinnar er Vinnustund en samningur rann út í desember 2021 og þörf á nýju útboði og samningum í kjölfarið.
- Núverandi kerfi er ekki samþætt inn í WebMethods sem er áskorun

## Markmið

- Að fara í útboð og ganga að samningum

## Lausn

- Ramma inn niðurstöður forgreiningar frá ríkinu og borginni
- Setja upp kröfulýsingu
- Uppfylla lög um opinber innkaup með því að fara í útboð

Lagaleg krafa til staðar: Já, erum samningslaus og þurfum að uppfylla lög um opinber innkaup



# Tímalína & umfangsmat

- Áætlaður verktími er 8 mánuðir
  - Tveir mánuðir í að ramma inn fyrirbyggjandi greiningar
  - 6 mánuðir í útboðsvinnu
- Kostnaður verkefnis er 12 mkr.
  - 100% verkefnastýring yfir verktíma



# Ábatamat



## Ómælanlegt og mælanlegt miðað við x ára tímabil

### Mælanlegur ábati

- Umtalsverður tímasparnaður við að hafa viðverukerfi
  - Tímasparnaður fyrir starfsfólk
  - Tímasparnaður við útreikning og útborgun launa

### Ómælanlegur ábati

- Þægindi við notendavænt kerfi sem heldur utan um innskráningar starfsfólks
- Tölfræði og yfirsýn með því að hafa kerfi til að halda utan um:
  - Innskráningar
  - Vaktafyrirkomulag
  - Tímaskráningar
  - Skráning orlofs

### Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða

- Með viðverukerfi býður borgin starfsfólki upp á notendavænt viðmót við viðveruskráningar
- Öll launaafgreiðsla, yfirsýn, utanumhald og tölfræði er aðgengileg stjórnendum.





- [illegible]



# Næstu skref




- Eftir að útboði lýkur verður farið í fasa 2
  - Samþætting
  - Uppsetning
  - Innleiðing (ef þarf)
- Í samræmi við ákvörðun stýrihóps MOLi verður viðverukerfi samþætt mannauðs- og launakerfi í gegnum WebMethods, eða treyst á staðlaðar samþættingar



# Ákvörðun verkefnaráðs

- Óskað er eftir verkefnastjóra til að ramma inn niðurstöður forgreiningar, setja upp kröfulýsingu og leiða útboðsferli
- Óskað er eftir fjármögnun að upphæð 12 mkr.
  - Verkefnastýring í 8 mánuði.





Reykjavík



# Tímalína & umfangsmat

- Áætlaður verktími er 8 mánuðir
  - Tveir mánuðir í að ramma inn fyrirbyggjandi greiningar
  - 6 mánuðir í útboðsvinnu
- Kostnaður verkefnis er 12 mkr.
  - 100% verkefnastýring yfir verktíma